



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

„Ég er vængstýfður fugl“

Um náttúrusýn í ljóðum Erlu – Guðfinnu Þorsteinsdóttur

Ritgerð til BA-prófs í almennri bókmenntafræði

Ásdís Helga Óskarsdóttir

Maí 2015

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Almenn bókmenntafræði

„Ég er vængstýfður fugl“

Um náttúrusýn í ljóðum Erlu – Guðfinnu Þorsteinsdóttur

Ritgerð til BA-prófs í almennri bókmenntafræði

Ásdís Helga Óskarsdóttir

Kt.: 031091-3659

Leiðbeinandi: Sveinn Yngvi Egilsson

Maí 2015

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um náttúruljóð skáldkonunnar Erlu, Guðfinnu Þorsteinsdóttur (1896–1972) í ljósi vistrýni. Hugað er að tengslum hennar við tvær bókmenntastefnur, rómantík og nýrómantík. Ritgerðin hefst á umfjöllun um ævi, skáldferil og viðtökusögu Guðfinnu. Því næst er sjónum beint að náttúrusýn hennar og annarra skálda, þar sem áhersla er lögð á skáldskapareinkennið innra landslag (e. *interior landscape*, fr. *paysage intérieur*), sem felst í því að umhverfinu er lýst á sálrænum forsendum og þannig rennur hið ytra og innra saman. Þá er gerð grein fyrir myndmáli skáldkonunnar og fleiri skáldkvenna og sýnt fram á hvernig myndmál smæðarinnar (e. *the Metaphor of Littleness*) birtist í ljóðagerð kvenna á 19. og 20. öld. Þær líkja sér þá við það sem er smágert og fíngert í lífríkinu andspænis hinni upphöfnu sýn rómantískra karlskálda, sem fól oft en ekki í sér kvengervingu á náttúrunni. Að lokum eru nokkur ljóð Erlu tekin til athugunar með ofangreind atriði í huga, einkum ljóð hennar Hélublóm sem birtist í samnefndri ljóðabók, hinni fyrstu sem skáldkonan fékk útgefna, árið 1937. Niðurstaðan er í stuttu máli sú að gæta má áhrifa gömlu rómantíkurinnar í skáldskap Erlu, auk táknsæisáhrifa í anda nýrómantíkur.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Efnisyfirlit.....	2
Inngangur	3
Skáldferill	3
Náttúrusýn Erlu	9
Karlmennska, kvengerving náttúrunnar og staða kvenskálds.....	14
Myndmál Erlu	17
Myndmál smæðarinnar	17
Niðurstöður	26
Heimildaskrá.....	28

Inngangur

Guðfinna Þorsteinsdóttir, sem tók sér skáldanafnið Erla, fæddist 26. júní 1891 á Skjögrastöðum í Skógum, Suður-Múlasýslu, en lést þann 4. september 1972. Hún var elst sex systkina, en systkinahópurinn var leystur upp þegar Guðfinna var átta ára gömul og elstu börnin voru send í vist vegna krappa kjara foreldra sinna. Guðfinna var send til vandalausra á Krossavík í Vopnavirði. Hún átti ekki kost á skólagöngu og var sjálfmenntuð fyrir utan einn vetur í unglingaskóla á Vopnafirði þar sem hún hlaut góða hvatningu kennara og stóð sig afar vel (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 108–109). Guðfinna hafði alla tíð ríka sköpunarþrá og varð snemma skáldmælt. Það var þó ekki fyrr en hún var komin á sextugsaldur sem hún hóf dagbókarskrif og skrifaði eftir það á hverjum degi í tæpan aldarfjórðung (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 19). Þar á undan hafði hún ritað niður á laus blöð ýmsar minningar sem hún safnaði síðar í bók. Skrifin hafa greinilega verið Guðfinnu mikilvæg, en hún var afar afkastamikil skáldkona. Árið 2013 gaf Félag ljóðaunnenda á Austurlandi út fjögurra binda ritsafn hennar og fylgdi Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir útgáfunni úr hlaði með ítarlegri ritgerð um ævi hennar og ritstörf. Hér verður gerð grein fyrir skáldkonunni Erlu og meginefni ritgerðarinnar sem er náttúrusýnin sem birtist í ljóðum hennar. Anna Þorbjörg hefur manna mest rannsakað æviatriði og skáldferil Erlu og verður hér einkum stuðst við skrif hennar um það efni auk ritverka eftir skáldkonuna sjálfa. Jafnframt verður bókin *Náttúra ljóðsins – umhverfi íslenskra skálda* (2014) eftir Svein Yngva Egilsson ein meginheimild mín en hún er fyrsta heildstæða rannsóknin sem gerð er á náttúrusýn og umhverfisvitund íslenskra ljóðskálda. Ég mun styðjast við fleiri heimildir um náttúrusýnina, eins og síðar verður rakið. Gerð verður almenn grein fyrir náttúrusýn Erlu og hugað að helstu einkennum hennar, ekki síst þeim sem rekja má til rómantíkur 19. aldar og nýrómantíkur 20. aldar. Þessar tvær bókmenntastefnur birtast með ýmsum hætti í afstöðu og aðferðum Erlu þegar hún lýsir náttúru og umhverfi. Hún beitir ákveðnu myndmáli sem hér verður kannað með aðferðum vistrýni (e. *ecocriticism*). En fyrst verður fjallað um ævi og skáldferil Erlu og viðtökur á verkum hennar.

Skáldferill

Guðfinna virðist hafa verið léttlynd og glettin að eðlisfari en einnig viðkvæm sem barn og fullorðin kona. Henni var iðulega strítt vegna útlits síns, en hún var ögn tileygð, og sjá má í dagbókarfærslu frá Guðfinnu þegar hún var komin á sjötugsaldur að stríðnin hafi haft ómæld

áhrif á hana (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 93). Systur hennar fengu oft hrós fyrir fegurð en Guðfinna fékk fremur að heyra frá öðrum hve fyndin, skáldmælt og skemmtileg hún væri (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 94–95). Eftirfarandi vísu orti hún aðeins níu ára gömul:

Há og grönn með hvelfdan barm,
hrokkna ennislokka,
björt á háls með bjartan arm,
býður góðan þokka (V, 96).¹

Eins og áður hefur komið fram var skólaganga Guðfinnu stutt. Hún skrifar ítrekað um það í dagbókunum að reynt hafi verið að draga úr henni þá löngun að mennta sig bóklega og lítið gert úr skáldskaparþrá hennar (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 99). Það helst augljóslega í hendur við viðhorf fólks til kynhlutverka þar sem konum var ætlað að sinna heimilisstörfum og börnum í stað þess að eyða dýrmætum tíma í skáldskapariðju. Eins og Margaret Homans bendir á í bók sinni *Women Writers and Poetic Identity* (1980) hafa samfélagslegar hömlur haft mikil áhrif á líf kvenna og sett þeim skorður sem skáldum í aldanna rás. Þessar hömlur fólust í því að þær þurftu að standast ákveðnar kröfur sem gerðar voru til þeirra er varða kvenlega hegðun, en það taldist ekki til kvenlegrar hegðunar að skrifa ljóð. Í raun var það talið hneykslanlegt á 19. öld og ef kona gerðist „uppvís“ að skrifum á opinberum vettvangi var hún ekki gagnrýnd sem skáld, heldur út frá kynferði sínu (Homans 1980: 5), en eins og Virginia Woolf sagði í frægri ritgerð sinni „A Room of One’s Own“ (1929), sem kom út í þýðingu Helgu Kress árið 1983, að eigi konu að vera unnt að skrifa verði hún að hafa sérherbergi og peninga (Helga Kress 1983: 12). Guðfinna var fróðleiksfús og vistfjölskylda hennar á Krossavík tók eftir því hve vel hún las þegar hún kom til þeirra átta ára gömul sem og hæfileikum hennar til vísnaverðar (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 104).

Árin liðu og eftir því sem Guðfinna fullorðnaðist fór hún að vonast til þess að fá eitthvað birt eftir sig. Árið 1919 átti hún í bréfaskriftum við mág sinn, Einar E. Sæmundsen. Vonaðist hún eftir því að hann gæti greitt götu hennar sem skálds, einkum vegna þess að Einar var þá ritstjóri tímaritsins *Þjóðólfs* á Eyrarbakka. Hún segir í bréfi til hans hve þreytt hún fari í rúmið á hverju kvöldi og hafi ekki mikið næði til þess að skrifa niður vísurnar sínar (Anna

¹ Í ritgerðinni verður vitnað til verka Erlu með númeri bindis og blaðsíðutali innan sviga úr útgáfunni *Ritsafn Guðfinnu Þorsteinsdóttur*. I.–V. bindi. Ritnefnd: Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, Magnús Stefánsson og Þórður Helgason. Fáskrúðsfríði 2013.

Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 160). Í tímaritinu *19. júní* frá árinu 1955 má finna ritgerð frá Guðfinnu, „Hvernig kvæði varð til“, þar sem hún lýsir hvernig ljóðið Arfi varð til þegar hún var í hlóðahúsi að sækja taðskán í poka á meðan börnin sváfu. Það er, líkt og Anna Þorbjörg bendir á, mikilvæg heimild um það hvernig hún almennt hagaði skáldskapariðju sinni meðfram bústörfum sínum og barnauppeldi. Þar segir Guðfinna meðal annars:

Fyrsta vísan varð til á meðan ég fyllti pokann og sú næsta var búin meðan ég gekk heim að bænum, og man ég, að þegar ég steig inn í bæjardyrnar, var hún búin. Svo kom ein eftir aðra í einni dembu, svo að ég varð að sækja mér blað og ritblý til að bjarga þeim frá því að glatast jafnóðum. Annars var ég ekki vön að skrifa neitt niður, fyrr en ég hafði lært það að fullu og þá við fyrstu hentugleika, því að ekki mátti eyða vinnustund í þann óþarfa, heldur hvíldarstund eða næsta helgidegi (Guðfinna Þorsteinsdóttir 1955: 4).

Þannig bjargaði hún vísun á blað. Einar hvatti hana áfram og fyrir tilstilli hans birtist árið 1920 vísa eftir Guðfinnu í tímaritinu *Iðunni* sem bar heitið Ástavísa. Þá gaf Einar henni skáldanafnið Erla, sem birtist þar í fyrsta sinn (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 160–161).

Helga Kress rekur í inngangi sínum „Kona og skáld“, sem birtist í bók hennar *Stúlka* (2001), ýmsa ritdóma um skáldskap kvenna skrifaða af körlum sem nefna iðulega hve erfitt það hljóti að vera fyrir skáldkonurnar að ala upp börn, reka heimili og yrkja. Guðfinna fékk að sjálfsögðu slíkar umsagnir og raunar bendir Anna Þorbjörg á að Guðfinna hafi sjálf verið á þeirri skoðun að „... helgasta skylda kvenna væri á heimilinu [er] að annast og ala upp börnin sín“ (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 168), en hún fékk einnig að heyra að skáldskapur hennar væri ljúfur, góður og barnvænn, eins og nánar verður vikið að. Slíkar athugasemdir einkenna einmitt umsagnir um skáldskap kvenna eins og Helga Kress bendir á (Helga Kress 2001: 86). Guðfinna og Valdimar Jóhannesson, eiginmaður hennar, áttu saman níu börn og þau börðust í bökkum við að halda heimili og þurfa ekki að þiggja af sveit, en til þessi hafi aldrei komið, því þau voru „... samheldin hjón, kunnu vel til verka, fóru vel með og unnu baki brotnu“ (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 143).

Guðfinna virðist einnig vilja halda því til haga í dagbókarskrifum sínum, líkt og til að réttlæta þau, að hún hafi verið mjög iðjusöm. Anna Þorbjörg telur að það hafi verið eitt af „... meginstefum dagbókarskrifa Guðfinnu að sýna fram á að auðnuleysi og iðjuleysi eigi ekki við um hana“ (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 22). Það rímar ágætlega við viðhorf fólks til kynhlutverka en einnig til skáldskapar og lista almennt, eins og Guðfinna ritar um í dagbók sinni. Þar segir hún að fólk hafi dæmt skáld harðara en flesta aðra, „... að öll skáld væru

mannleysi, sem öðrum bæri „að koma vitinu fyrir““ (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 22). Ef til vill er það þess vegna sem Guðfinna ítrekar það í dagbókinni, sem hún virðist ekki aðeins skrifa fyrir sjálfa sig heldur gera ráð fyrir því að hún verði lesin, að hún sé umfram allt iðjusöm kona sem leggur hart að sér. Enda má ráða það af rannsóknum Önnu að Guðfinna hafi skrifað seint á kvöldin og hún telur sem áður segir upp atburði liðins dags og verk dagsins í þaula. Hún skrifar niður vísur sem hún samdi yfir daginn, vísur sem urðu til og hún varð að bjarga þeim á blað (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 24). Hún skrifaði áður nefnda ritgerð „Hvernig kvæði varð til“ og ítrekar þar við lesendur að hún sé ekki að stæra sig með því að segja frá þessu. Þá tók hún það fram að hún væri andvíg því að skáldskapur þyrfti að eiga upptök sín í lífi skáldsins og lagði áherslu á það að „... konurnar í ljóðum hennar séu ekki hún sjálf“ (Helga Kress 2001: 84–85).

Erla gaf út þrjár ljóðabækur. Tvær hinar fyrstu voru *Héluþlóm* (1937) og *Fífulogar* (1945). Þá þýddi hún *De fortabte spillemænd* eftir William Heinesen sem varð í þýðingu hennar *Slagur vindhörpunnar* og kom út árið 1956. Einnig tók hún saman frásagnarþætti og gaf út söfnin *Völuskjóða* (1957) og *Vogrek* (1959). Þriðja ljóðabók hennar bar heitið *Æfintýri dagsins* (1958) og innihélt þulur og barnaljóð. Að auki samdi hún ógrynni af lausavísu, þýddi mörg ljóð, skrifaði smásögur, greinar og frásagnarþætti.

Þegar *Héluþlóm*, fyrsta ljóðabók Erlu, kom út árið 1937 er hún orðin fjörutíu og sex ára gömul. Anna Þorbjörg lýsir útgáfuferli bókarinnar og spyr hvert húsfreyja í sveit eigi að snúa sér til þess að að gefa út ljóðabók (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 299). Helgi Tryggvason, bróðir Ólafs sem smalaði hjá Guðfinnu og Valdimar, tók að sér að sjá um útgáfuna, en hann var vel metinn bókbindari í Reykjavík. *Héluþlómum* var vel tekið og þau seldust upp á skömmum tíma, sem var Erlu að sjálfsögðu mikil hvatning sem skáldi.

Bókin fékk þó ekki mikla umfjöllun. Sigurður Nordal hafði lesið yfir handritið áður en það kom út og hafði lýst því yfir við Helga Tryggvason að hann skyldi skrifa um hana ritdóm, en ekki birtist hann (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 304). Guðmundur Finnbogason skrifaði ritdóm um *Héluþlóm* og tók fram að höfundur hennar væri „... sjálfmenntuð bóndakona austur í Vopnafirði, níu barna móðir og önnum kafin frá morgni til kvölds“. Sér væri „... hlýtt í huga af að lesa þessi ljóð ...“ og að í ljóðunum „... andar góðleik og friði heilbrigðrar sálar“ (Guðmundur Finnbogason 1937: 3). Þá tekur hann einnig fram að ljóð Erlu séu börnum holl lesning en eins og áður hefur komið fram voru athugasemdir af þessu tagi algengt stef í ritdómum um konur (Helga Kress 2001: 86). En Anna Þorbjörg bendir þó á að

það sé ekki endilega víst að Erlu hafi þótt þessi ritdómur alslæmur því í dagbókarskrifum sínum segir hún „... að hún vilji frekar draga fram það sem er gott og fagurt og geti orðið öðrum til góðs í lífinu en að dvelja við það sem miður fer“ (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 308). Engu að síður er mikilvægt að hafa slík stef í huga þegar ritdómar um skáldskap kvenna eru skoðaðir. Þá birtist annar dómur í blaðinu *Framsókn* sem sagði ljóð Erlu vera léttleikandi og þýð og sálubót fyrir þá sem þau lesa (H. 1938: 4).

Fífulogar komu út árið 1945 og skiptist hún í þrjá hluta, Ljóð, Barnaljóð og þulur og Almanak Erlu. Þorsteinn, sonur Guðfinnu og Valdimars, hlaut það verkefni að ræða við útgefendur í Reykjavík fyrir hönd móður sinnar. Illa gekk þó að koma bókinni út og ákvað hann því að reyna að gefa hana út sjálfur. Ekki gekk það þó heldur en á endanum tókst að koma handritinu að *Fífulogum* í hendur Birgis Kjarans í Bókfallsútgáfunni. *Fífulogar* seldust einnig vel, en lítið var hins vegar um bókina fjallað. Halldór Stefánsson, fyrrum alþingismaður og bóndi í Vopnafirði, fjallaði um bókina og svipaði umfjöllun hans mjög til þeirra sem ritað höfðu um *Héluþóm* og segir ljóð hennar „... hugljúf og hrein“ (H.St. 1945: 5; Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 309–313).

Guðfinna orti fjöldann allan af barnaljóðum og þulum. Eitthvað af þeim hafði áður birst í *Héluþómum* og *Fífulogum* áður en hún gaf þau út í *Æfintýrum dagsins* sem kom út 1958. Í bókinni má telja fjörutíu og átta ljóð, en þar af er um helmingur þeirra þulur (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2014: 69). Bókinni var afar vel tekið og fékk hún einróma lof ritdómara. Höfundur eins ritdóms kallar sig AK og skrifaði í *Tímann* að ólíklegt væri að nokkur önnur barnabók á árinu tækist að skáka *Æfintýrum dagsins* (AK 1958: 7). Þar sem um barnaljóð var að ræða ásamt þulunum, sem margar hverjar voru ortar til barna Guðfinnu, spöruðu ritdómarar ekki hrósið og lýstu yfir mikilli hrifningu á þessum hlýja og ljúfa skáldskap. Einn nafnlaus ritdómari kynnir Guðfinnu í tímaritinu *Frjáls þjóð* sem aldráða konu með hjartalag sem væri samt við sig og benti á hve annt henni væri um allt líf, því „... jafnvel tófan í greninu og yrðlingarnir hennar eiga samúð hennar“ (1958: 4). Athyglisverð er athugasemdin um aldur Guðfinnu, sem þarna var orðin sextíu og tveggja ára gömul og gat því varla talist öldruð. Auðvelt er að ímynda sér að Grímur Thomsen, eða önnur karlskáld, hafi ekki talist gömul á þessum sama aldri, en athugasemd sem þessi endurspeglar ákveðið viðhorf karla til skáldkvenna í ritdómum eins og Helga Kress hefur bent á (Helga Kress 2001: 86) og síðar verður vikið nánar að.

Hér að framan hefur verið gerð stuttlega grein fyrir viðtökusögu og skáldferli

Guðfinnu en hér á eftir verður sjónum beint að náttúrusýn hennar og í því sambandi er vert að hafa í huga þær hræringar í bókmenntastefnum sem mótuðu hana sem skáld og önnur skáld 19. og 20. aldar. Guðfinna fæddist undir lok nítjándu aldar þegar rómantíska stefnan í bókmenntum og listum er að dvína og við taka nýrri stefnur á borð við raunsæisstefnu og nýrómantík. Hún elst upp á þeim skilum sem stefnurnar mynda, við endalok einnar og upphaf annarrar, en það er áhugavert þegar verk hennar eru skoðuð að hún virðist sækja sér innblástur í rómantíkina, þrátt fyrir að fæðast undir lok þeirrar stefnu. Það sést til dæmis á því að hún notar náttúruna sem fagurfræðilegt viðfang í miklum mæli í ljóðagerð sinni. Hér verður reynt að gera grein fyrir því hvernig myndmál Erlu og náttúrusýn birtist í ljóðum hennar í ljósi þessa og hvort í framhaldi megi flokka einstök ljóð skáldkonunnar til rómantíkur eða nýrómantíkur. Þetta verður gert með stuttum samanburði við skáldkonuna Huldu (Unni Benediktsdóttur Bjarklind). Erla var sem áður segir afkastamikið skáld og lét eftir sig ljóðabækur, þýðingar og laust mál en hér verður einungis unnt að gera grein fyrir nokkrum ljóðum hennar.

Náttúrusýn Erlu

Eysteinn Þorvaldsson bendir réttilega á í grein sinni „Móðir og sonur í átthöfum ljóðsins: Um kveðskap Erlu og Þorsteins sonar hennar“ sem birtist í tímaritinu *Glettingi* (2004) að Erla hafi oft verið raunsæisleg í vali sínu á viðfangsefnum í ljóðlist sinni, en úrvinnslan hafi þó verið rómantísk (Eysteinn Þorvaldsson 2004: 36). Rétt er að gera stutta grein fyrir þeirri arfleifð rómantíkurinnar sem Erla vann úr sem skáldkona á 20. öld með áherslu á þá náttúrusýn sem einkenndi stefnuna. Náttúran skipaði stóran sess í ljóðlist rómantískra skálda, en hér verður einnig hugað að táknsæislegum myndum náttúrunnar sem voru áberandi í ljóðagerð í nýrómantískra ljóðskálda. Ekki verður reynt að gera öllum þeim atriðum tæmandi skil, af nægu er að taka, en það hugtak sem kallað er innra landslag verður haft í fyrirrúmi þegar líður á kaflann.

Páll Valsson bendir á að þrátt fyrir að rómantíska stefnan hafi gert skáldum kleift að yrkja af hjartans lyst og séu þar af leiðandi „ákaflega sundurleit“ sé hægt að finna sameiginleg einkenni þeirra í skilningi þeirra á náttúrunni og „... hliðstæða sýn á eðli skáldskapar sem byggir á mikilvægi ímyndunarafis og innsæis“ (Páll Valsson 1996: 253). Rómantísk afstaða til náttúrunnar helgast af þeirri breytingu sem varð á búsetu margra Evrópumanna á 18. og 19. öld þegar æ fleiri bjuggu í þéttbýli. Upplýsingaröldin fól í sér ákveðna bjartsýni með framþróun á ýmsum sviðum, iðnvæðingu og þéttbýlismyndun, en sú þróun hafði líka í för með sér aukna fátækt og eynd sem olli örvæntingu og svartsýni. Eins og Páll Valsson bendir á urðu borgirnar „táknmynd þessarar umbreytingar til hins verra og borgarmenning var álitin bera í sér hnignun“ og að fólk sótti aftur í náttúruna. Þannig megi kalla eina af helstu stoðum rómantískrar heimspeki *afturhvarf til náttúrunnar* (Páll Valsson 1996: 255–256). Einnig var náttúran fyrir mörgum ákveðið táknkerfi sem þurfti að ráða í og jókst þar af leiðandi táknsæisleg hugsun í skáldskap rómantískra skálda. Náttúran fór að einhverju marki að „tákna og endurspegla hugsanir skáldsins og kenndir“, en sú hugsun jókst enn frekar með stefnu frönsku sýmbólistanna eins og síðar verður rakið, auk þess sem náttúran var metin að verðleikum vegna sjálfrar sín eins og hún var, fegurðar sínar og samræmis, öfugt við það sem hún stóð fyrir í nytsemishyggju upplýsingaraldarinnar. Þar af leiðandi þróaðist fegurðardýrkun náttúrunnar á þann veg að skáldin höfðu náttúrufegurðina í hávegum sem „sjálfstætt gildi“ í stað þess að upphefja hana nytseminnar vegna. Hún varð jafnframt táknmynd fyrir það sem var fullkomið og hugsjónabústaður (Páll Valsson 1996: 265–266).

Í ljóðum Erlu má koma auga á fagurfræðilegar skírskotanir af þessu tagi er einkum varða vor og sumar, þó að skáldkonan lofi fegurð náttúrunnar allt árið um kring (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 298). Fyrir hjón í sveit sem þurftu að sjá fyrir mörgum börnum og bjuggu við kröpp kjör í upphafi 20. aldar er hægt að ímynda sér að erfiðir vetur hafi reynst þeim illa. Þá hefur vor- og sumarkoma vakið vonir í hjörtum fólks um betri tíð þar sem umhverfið verður fegurra og lífið talsvert auveldara. Erla orti að vísu einnig um þá fegurð sem felst í náttúrunni að vetri og hausti til, eins og sést í ljóði hennar Hélublóm sem birtist í samnefndri bók hennar (1937), og getur einmitt verið drungaleg og tignarleg í senn. Slík náttúrusýn hefur verið kennd við það sem kallast hið háleita² í skáldskap (e. *sublime*) en rómantísk skáld á borð við Grím Thomsen leituðust meðal annars við að yrkja um ógurlega og vægðarlausu náttúrufegurð (Sveinn Yngvi Egilsson 2014: 70). Önnur skáld á borð við Steingrím Thorsteinsson (1831–1913) ortu náttúruljóð sem eru full af sveitasælu og líkjast hjarðljóðum (e. *pastoral*). Hjarðljóðahefðin felur í sér áður nefnt afturhvarf til náttúrunnar, þar sem nútímamaðurinn þráir að öðlast þann frið og þá fegurð sem finnst í náttúrunni og snúa aftur til borgarinnar í mun betra jafnvægi en áður en hann yfirgaf hana (Sveinn Yngvi Egilsson 2014: 114). Ljóðskáld 19. aldar lýstu þessum hughrifum fyrst á ljóðrænan máta, það er að segja, þeirri löngun til þess að öðlast „samhljóm og einskæra fegurð“ í þeim tilgangi að komast aftur í samband við sjálfið. Þar af leiðandi verður náttúran „... kraftbirting sannleikans, hins fagra og góða lífs sem lifa skal“ (Sveinn Yngvi Egilsson 2014: 115). Steingrímur og önnur 19. aldar skáld náðu því að draga upp mynd af slíku ferli á ljóðrænan hátt, en hún er einmitt ekki einvörðungu tengd ytra umhverfinu, heldur er hún huglæg að einhverju leyti (Sveinn Yngvi Egilsson 2014: 115). Guðfinna hafði dálæti á ljóðum rómantískra skálda eins og Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir bendir á, „meðal annars ljóðum jafnólíkra skálda og þeirra Gríms Thomsen og Steingríms Thorsteinssonar“, þó að hún hafi allra mest haldið upp á Þorstein Erlingsson (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 293), en finna má áhrif frá þeim báðum í skáldskap hennar.

Um aldamót 19. og 20. aldar berast nýir skáldskaparstraumar til landsins sem fólust í því að veita því sem innra bjó með mönnum enn frekari athygli, sem og hugmyndum um að „finna til af innlifaðri huglægni“ (Silja Aðalsteinsdóttir 1996: 891). Um er að ræða upphafið að táknsæisstefnunni eða nýrómantíkinni, þar sem ljóðskáldin leituðust enn frekar við að

² Ekki verður unnt að gera hinu háleita í ljóðagerð ítarlegri skil í þessari ritgerð, en bent er á kaflann „Og andinn mig hreif“ sem birtist í bók Sveins Yngva Egilssonar *Náttúra ljóðsins* frá árinu 2014.

nota tákn til þess að miðla tilfinningum sínum í ljóðagerð og lögðu frekari áherslu á sjálfið og tengdu við það sem var „dulúðugt“ og ómeðvitað“ (Silja Aðalsteinsdóttir 1996: 891). Þannig gátu skáldin tekið sér aukið frelsi til þess að nota ytra umhverfi og nota sem tákn fyrir sálarlíf sitt og gefið í skyn með táknum sem standa fyrir eitthvað annað en þau eru, fremur en að segja merkinguna hreint út. Íslenska nýrómantíkin var að mörgu leyti undir áhrifum franska symbólismans sem var á tvo vegu eins og Sveinn Yngvi Egilsson bendir á: „... annars vegar vísuðu ljóðtáknin í mannheiminn, svokölluð persónuleg tákn, hins vegar í handanheiminn, hið yfirskilvitlega“ (Sveinn Yngvi Egilsson 2014: 142). Það var franska ljóðskáldið Charles Baudelaire (1821–1867) sem reið á vaðið með nýjung í franskri ljóðagerð í stöðnuðu bókmenntalandslagi 19. aldar rómantíkurinnar sem Hjalti Snær Ægisson og Gottskálk Þór Jensson benda á að hafi verið eins og „... blaut tuska í andlitið á frönsku þjóðinni“. Borgin gegndi sama tilgangi í ljóðum Baudelaire og náttúran gegndi hjá rómantísku ljóðskáldunum. Hann hefur verið verið kallaður „fyrsta nútímaljóðskáldið“ en í ljóðum hans má sjá þau einkenni sem 20. aldar skáld tileinkuðu sér. Baudelaire ruddi jafnframt leið fyrir módernísk ljóðskáld í þeim skilningi að nota ljóðrænar myndir sem „... tæki til þess að koma fyrirfram ákveðinni merkingu áleiðis“ með því að gefa hana í skyn með vísunum og táknum en slíkt var grundvallaratriði hjá honum, ólíkt rómantísku skáldunum (Gottskálk Þór Jensson og Hjalti Snær Ægisson 2011: 681). Í þessu samhengi er gott að hafa í huga það sem kallast innra landslag (e. *interior landscape*, fr. *paysage intérieur*). Það er þegar skáldin lýsa umhverfi á sálrænan hátt eða sálarlífinu eins og landslagi, þannig að hið ytra og hið innra renna saman. Baudelaire var „meistari innra landslagsins“ eins og Sveinn Yngvi Egilsson bendir á í tengslum við umfjöllun sína um ljóðagerð Gyrði Elíassonar (f. 1961). Gyrðir og Baudelaire notast báðir við dökk blóm til þess að lýsa sálarlífi sínu á þunglyndislegan hátt. Gyrðir gerir það í ljóðinu Melankólía þar sem hann yrkir um dökkan jurttir sem skjóta rótum í huga sér, og fyrsta og þekktasta ljóðabók Baudelaire bar titilinn *Les fleurs du mal* (1857), eða *Hin illu blóm* (Sveinn Yngvi Egilsson 2014: 227). Þar má einnig finna tengingu við hélublómin hennar Erlu í því samhengi, eins og nánar verður vikið að síðar í ritgerðinni.

Sveinn Yngvi vísar í fræðimanninn Marshall McLuhan (1911–1980) sem hefur bent á að rómantísk ljóðskáld 19. aldar hafi leitast við að yfirfæra landslagsmyndir myndlistarmanna sömu aldar á ljóð sín. Myndlistarmennirnir hafi þurft að ganga út frá ákveðnu hlutlægu sjónarhorni er varðar hlutföll, dýpt, liti og þess háttar og ljóðskáldin hafi í raun verið bundin þeirri kröfu að lýsa veruleikanum á hlutlægan hátt. Þannig telur McLuhan

að mörg engilsaxnesk og frönsk skáld 19. aldar sýni náttúruna á myndrænan og hlutlægan hátt. Áherslurnar breytist með táknsæisstefnu 20. aldar þegar landslagsmyndirnar verði sálfræðilegri og þannig sé þeim varpað inn á við og þær verði enn huglægari. Þó að rómantísku skáldin hafi tekið sér ákveðið frelsi á sínum tíma höfðu táknsæisskáldin enn frekara svigrúm í umhverfislýsingum sínum og voru ekki bundin við eitt sjónarhorn ólíkt fyrirrennnum sínum á 19. öld sem tóku sér stöðu fyrir utan það sem lýst var. Táknsæisskáldin nýttu sér fleiri sjónarhorn í list sinni og áhorfandinn var settur í miðju þess sem lýst var, þannig að hið ytra og hið innra rann saman (Marshall McLuhan 1969: 154-155).

Séu þessar hugmyndir bornar saman við ljóðagerð íslenskra skálda má sjá ýmis hliðstæð einkenni, þar sem náttúruleysingar þeirra eru oftar en ekki eins og landslagsmálverk (Sveinn Yngvi Egilsson 2014: 217). Sveinn Yngvi telur að þau hafi jafnvel sinnt stöðu landslagsmálara þar sem vöntun var á slíkum:

Raunar má halda því fram að íslensk ljóðskáld hafi beinlínis sinnt hlutverki landslagsmálara á tímum þegar slíkum myndlistarmönnum var ekki til að dreifa á Íslandi, enda var það ekki fyrr en um 1900 sem íslenska landslagsmálverkið verður til á striga listamanna eins og Þórarins B. Þorlákssonar (1867–1924) og Ásgríms Jónssonar (1876–1958). Fram að því skilgreindu ljóðskáldin landið og festu í sessi ákveðna staði og sýn á þá, ef svo má segja (Sveinn Yngvi Egilsson 2014: 217).

Hugmyndir McLuhan sýna afgerandi aðferðamun rómantískra og nýrómantískra skálda á lýsingu náttúrunnar í ljóðagerð. Erla dregur upp náttúrumyndir eins og um málverk væri að ræða í sumum ljóðum en fellir þær jafnframt inn á við, þannig að þær verða sálfræðilegar og því dæmi um svokallað innra landslag.

Náttúran í ljóðum skáldkonunnar Huldu (Unnar Benediktsdóttur Bjarklind, 1881–1946) var að sama skapi táknræn og var henni mikilvægt yrkisefni. Sveinn Yngvi telur að þrátt fyrir að skáldkonan hafi verið talin til nýrómantískra skálda sé að finna rómantísk einkenni á náttúrusýn hennar. Þannig feli náttúrusýn Huldu í sér „... gagnvirkt samspil hugar og hlutveru, hina rómantísku viðurkenningu á því að náttúran er veruleiki sem hægt er að lýsa með tilvísun til skynfæranna, og um leið rómantískan skilning á náttúrunni sem landslagi, þ.e. fagurfræðilegu viðfangi sem fellur að vissu leyti inn í ramma málverks og ferðalaga... “ en einnig nýrómantísk og táknsæisleg einkenni þar sem náttúran tekur á sig mynd huldulands og huglægnin er meiri en tíðkaðist í gömlu rómantíkinni (Sveinn Yngvi Egilsson 2014: 123). Afstaða Huldu til náttúrunnar sé því bæði rómantísk og nýrómantísk.

Hulda og Erla eiga ýmislegt sameiginlegt að þessu leyti. Náttúrusýn Erlu er táknsæisleg á ýmsum stöðum og innra landslag kemur víða fyrir í ljóðum hennar. Sem dæmi má nefna ljóð hennar Maí kveður, sem birtist í *Hélublómum*: „Maí kveður drótt í dag. / Dauft er út að líta. / Yfir gróðri liggur lag, / lagið mjallar hvíta“ (I, s. 24). Hér virðist Erla lýsa vonbrigðum sínum yfir því að líta út um gluggann heima og horfa á snjólagið sem liggur yfir gróðrinum. Hinsvegar má ráða annan skilning af seinna erindinu: „Enn ég stari eftir þér / út í bjarta heima. / Hljú þína í huga mér / hyggst ég árlangt geyma“ (I, s. 24). Þá virðast vonbrigði hennar raunverulega hafa falist í því að horfa á eftir ástvini yfirgefa sig með tilvísunum í náttúruna í fyrra erindi, sem standa þá í raun fyrir söknuð. Það er dauft út að líta í snjólagið, en hlýjuna ber hún innra með sér í minningum sínum árlangt.

Helga Kress bendir á í inngangi sínum „Kona og skáld“ í bók sinni *Stúlka* (2001) að þjóðerni hafi verið rómantísku skáldunum á Íslandi hjartans mál, en „... þau voru fyrst og fremst íslenskir karlmenn að berjast fyrir menningu og sjálfstæði þjóðar sinnar“ og sjálfsmynd þeirra tengdist því mjög (Helga Kress 2001: 40). Þeir sáu sig í hlutverki þjóðskáldsins sem gefur þjóðinni rödd og upphefur hana í skáldskapnum. Grímur Thomsen skrifaði um samband þjóðskálds við þjóðarbókmenntir, en hlutverk þess er „... að vekja anda þjóðarinnar, enda er það gætt sérstakri andagift“ (Sveinn Yngvi Egilsson 2014: 55). Hugmyndin er sú að þjóðskáldið sé sénéi eða snillingur og ímynd þess er karllæg. Þetta er karlskáld sem vekur þjóðina af þyrnirósarblundi og er allt annað en kvenlegt. Grímur Thomsen var einmitt afar hrifinn af karlmennsku og hetjudýrkun, sbr. kvæði hans Táp og fjör.

Samkvæmt Páli Valssyni var „frelsi, í viðtækum skilningi eitt af lykilhugtökum hinnar rómantísku vakningar“ (Páll Valsson 1996: 253–254). Frelsið var í hávegum haft sem „æðsta markmið einstaklinga og þjóða“ og ættjarðarkvæði skiptu því máli. Það er því áhugavert að velta fyrir sér við hvers konar frelsi konur eins og Erla bjuggu við í því samhengi. Ekki fengu jafnmargar konur færi á því að ganga menntaveginum til Kaupmannahafnar og karlskáldin. Í sýnisbókinni *Þjóðskáldin – Úrval úr bókmenntum 19. aldar* tók Guðmundur Andri Thorsson saman ýmis ljóð til umfjöllunar eftir þau skáld sem hafa talist til þjóðskálda. Um er að ræða tuttugu karlskáld og fjögur kvenskáld, þær Rósu Guðmundsdóttur, Guðnýju frá Klömbrum, Júlíönu Jónsdóttur og Ólöfu frá Hlöðum. Þá hefur Helga Kress einnig bent á í áður nefndum inngangi sínum að *Stúlku* að árið 1891 hafi Bogi Th. Melsteð gefið út *Sýnisbók íslenskra bókmennta á 19. öld* þar sem Torfhildur Hólm var eini kvenrithöfundurinn af þrjátíu og sjö höfundum sem þar voru til umfjöllunar og árið 1924 gaf Sigurður Nordal út *Íslenska*

lestrarbók 1400–1900, en þar var engin skáldkona nefnd. Því er augljóst, og hefur verið margrannsakað, að rómantíska stefnan var afar karllæg. Það hefur því verið þrándur í götu fyrir skáldkonur þess tímabils sem vildu reyna fyrir sér á skáldskaparvellingum að mynda sér þar rúm þegar þær höfðu varla talist með í umræðu um þjóðskáld, eins og sjá má af skáldavali Guðmundar Andra, Boga Th. Melsteð og Sigurðar Nordal í áðurnefndum sýnisbókum.

Karlmennska, kvengerving náttúrunnar og staða kvenskálds

Margaret Homans segir í áðurnefndri bók sinni *Women Writers and Poetic Identity* að þar sem sjálfið og ímyndunaraflið séu grundvallaratriði í rómantískri ljóðagerð hafi verið erfitt fyrir konur sem vildu verða skáld að öðlast sess innan ljóðahefðarinnar vegna þess að þær voru oftast en ekki skilgreindar sem viðtakendur og viðfangsefni. Karlskáldin eru ráðandi innan hefðarinnar og hafa þannig búið til einhverskonar „hinn“ sem viðfangsefni, sem er oftast en ekki skilgreint sem eitthvað kvenlægt – hvort sem það er náttúra eða birtingarmynd af einhverskonar þrá. Með þeim hætti hafa skáldkonur verið útilokaðar frá karlahefðinni og hlutgerðar sem „hinn“ sem karlskáld eignuðu sér sem viðfangsefni í ljóðum sínum (Homans 1980: 12). Það hefur því ekki verið auðvelt fyrir skáldkonur að fara að skilgreina sig sem gerendur í eigin ljóðlist í stað þess að vera viðfangsefni eða viðtakandi. Algengt var að rómantísku karlskáldin kvengerðu náttúruna ljóðum sínum og hefur náttúran gjarnan verið kölluð „Móðir náttúra“ eða „Móðir jörð“. Margaret Homans tekur skáldskap William Wordsworths sem dæmi í þessu samhengi. Þegar Wordsworth ávarpar náttúruna sem „Móður jörð“ eða „Móðir náttúra“ er hann að upphæfja hana og virða vegna þess að hún er allt sem hann sjálfur er ekki, og sem hlutgerving hans „verður hún aldrei neitt meira en það sem hann leyfir henni að vera“ (Homans 1980: 13).³ Slík upphafning getur unnið gegn því að konur taki sér stöðu sem skáld og gerendur. Vert er að minnast á Fjallkonuna í þessu samhengi, en hún er samkvæmt orðabókaskilgreiningu „Ísland, persónugert í konulíki“ (Mörður Árnason 2002: 335) og er hylt á hverjum þjóðhátíðardegi Íslendinga. Einnig er talað um Ísland sem Ísafoldu, sem sýnir hvernig karlskáldin upphöfðu landið með konunafni. Orðabókaskilgreiningin á Ísafoldu er eftirfarandi: „heiti á Íslandi, nafn konu“ (Mörður

³ „When nature is Mother Nature for Wordsworth, she is valued because she is what the poet is not. She stands for a lost memory, hovering just at the edge of consciousness, of a time before the fall into self-consciousness and into subject-object relations with nature, whether that original unity took place in earliest infancy or, fictively, before birth ... She is no more than what he allows her to be.“ Homans 1986: 13.

Árnason 2002: 719).

Karlskáldin kvengera náttúruna og má þar nefna Íslands minni eftir Bjarna Thorarensen: „Eldgamla Ísafold, / ástkæra fósturmold, / Fjallkonan fríð!“ (Guðmundur Andri Thorsson 1992: 14), Þjóðfundarsöng 1851 eftir Bólu-Hjálmar: „Aldin móðir eðalborna, / Ísland, konan heiðarlig ... Þér á brjósti barn þitt liggur, / blóðfjaðrirnar sögið fær...“ (Guðmundur Andri Thorsson 1992: 41), Ísland eftir Jónas Hallgrímsson, „Ísland, farsældafrón og hagsælda, hrímhvíta móðir!“. Þannig mætti lengi telja. Helga Kress bendir á í grein sinni „Unir auga ímynd þinni: landið, skáldskapurinn og konan í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar“ að landið og konan hafi oft runnið saman í eitt í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar. Hann hafi iðulega lýst „landinu sem konu og konunni sem landi“ (Helga Kress 2012: 6–7). Helga tekur einnig fram að fegurðin sem slík sé kvenleg fyrir Jónasi, „ef ekki konan sjálf“. Þar notar hún kvæði hans *La belle* sem dæmi í því samhengi, en þar er ungri konu lýst líkamlega í „einstökum efnisatriðum á svipaðan hátt og landinu í Íslands minni“ (Helga Kress 2012: 22–23).

Finna má ýmsa ritdóma skrifaða af körlum um skáldskap kvenna eins og Helga Kress rekur í fyrrnefndum inngangi sínum að *Stúlku* og bent hefur verið á. Einar Benediktsson orti kvæði til skáldkonunnar Huldu. Helga bendir á að með línunum „Þú gleðst eins og hjartað sjálft þér segir / og syngur með náttúrubarnsins rödd“ sé Einar að hrósa henni „og gerir lítið úr í senn“ (Helga Kress 2001: 70). Með þeim hætti hlutgerir hann Huldu og gerir hana kynlausa og barnslega. Eins og Sveinn Yngvi bendir á í kafla sínum „Náttúra, þrá og þungsinni. Um ljóðagerð Huldu“ úr áðurnefndri bók sinni *Náttúra ljóðsins* gátu dómur á borð við kvæði Einars haft í för með sér togstreitu í sambandi Huldu við náttúruna í skáldskap sínum. „Náttúran var henni mikilvægt yrkisefni og innblástur, en Hulda átti það sífellt á hættu að litið væri á hana sem eins konar framlengingu á náttúrunni og ekki sem fullgilt skáld“ (Sveinn Yngvi Egilsson 2014: 122).

Hulda, Erla og í raun flestar skáldkonur þess tíma mættu ritdómum þar sem skáldskapur þeirra var smættaður niður í barnslega og náttúrulega hlutgervingu, alveg eins og þær voru upphafnar með þeim hætti í skáldskap eftir karlmenn á 19. öld, þeirri öld sem Hulda og Erla unnu úr sem skáldkonur, og slík gagnrýni hefur þaggað niður í röddum kvenna um árabíl. Með ofangreind atriði í huga, þjóðerniskenndina, karlmenskuna og innra landslag, er áhugavert að skoða nánar hvernig Erla fór með náttúruna í sínum ljóðum sem kona á 20. öld. Eins og bent hefur verið á má finna sameiginleg einkenni á náttúrusýn Erlu og

Huldu, þrátt fyrir að hin fyrrnefnda hafi ekki verið alltof hrifin skáldskap Huldu, og hafði orð á því í bréfi til Einars E. Sæmundsen að Hulda væri tilgerðarleg öðru hverju (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 296).

Báðar voru skáldkonurnar fæddar rétt fyrir aldamót og höfðu sömu samfélagslegu stöðu sem konur, húsfreyjur, mæður og eiginkonur og var ætlast til hins sama af þeim báðum í slíkum stöðum. Eins og bent hefur verið á hefur náttúran í nýrómantískum skáldskap verið notuð til þess að draga upp mynd af einhverju sem er allt annað en sjálf náttúran, sem táknvísir fyrir eitthvað annað en hún er og nú verður skoðað myndmálið í skáldskap Erlu.

Myndmál Erlu

Guðfinna var „... næm á umhverfi sitt“ og „athugul, forvitin og skynug“ (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 8). Helstu áhrifavaldar hennar í ljóðagerð voru, eins og áður segir, karlskáld á borð við Þorstein Erlingsson og Steingrím Thorsteinsson, en þó var myndmál hennar og yrkisefni líkara því sem kvenskáld hennar tíma notuðu. Þá orti hún mikið um lífríki náttúrunnar, fegurð náttúrunnar allt árið um kring, en þó sérstaklega vor- og sumartímanna. Erla hafi sótt myndmál sitt „í ríkum mæli til náttúrunnar“ (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 298) og hafi borið virðingu fyrir öllu í lífríki þess (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2014: 87). Hér verður kannað nánar hvaða myndir náttúran tekur á sig í kvæðum Erlu og sérstaklega hugað að því sem kalla má myndmál smæðarinnar.

Myndmál smæðarinnar

Árið 1876 gaf Júlíana Jónsdóttir út ljóðabókina *Stúlku* og var jafnframt fyrsta íslenska konan sem gaf ljóðin sín út í bók. Helga Kress bendir á að áhugavert sé að fyrsta orð bókarinnar, *Stúlka*, sé „lítill“: „Lítill mæer heilsar / löndum sínum, / ung og ófróð, / en ekki feimin“ (Helga Kress 2001: 13), en smáar myndir af því tagi hafi einkennt skáldskap kvenna fyrr og síðar (Helga Kress 2001: 48). Þetta er það sem Helga kallar myndmál smæðarinnar og svarar til þess sem Ellen Moers kallar „the Metaphor of Littleness“ í bók sinni *Literary Women* (1986). Með myndmáli smæðar er átt við þá aðferð kvenskálda að beita myndmáli á þann hátt að þær líkja sér við og yrkja um smágerða hluti. Með þeim hætti samsama þær sig því sem er agnarsmátt og fíngert eins og lítið blóm eða vængbrotinn fugl og gera þannig tilraun til þess að finna sér stað innan náttúrunnar með slíku myndmáli og persónugervingu. Ellen Moers bendir á „að líkömnuð smæð sé óumflýjanlega tengd við kvenmannslíkamann, og svo lengi sem rithöfundar lýsi konum muni þeir allir notast við það agnarsmáa í tungumálinu og það smágerða í myndmáli“, en í ljóðagerð kvenna sé myndmál smæðar svo gott sem ofnotað.⁴

Eins og bent hefur verið á hafa rómantísku karlskáldin náttúrugert konuna í ljóðum, og þannig má líta svo á að náttúra Íslands sé samkvæmt því ein kona, móðir og/eða ástkona allra karlskálda frá því tímabili sem vilja tileinka skáldskap sinn konum. Sú staðlaða kvengerving náttúrunnar hefur óneitanlega verið skáldkonum til trafala, þar sem auðvelt

⁴ „Littleness as a physical fact, though only a relative one, is inescapably associated with the female body, and as long as writers describe women they will all make use of the diminutive in language and the miniature in imagery. In literature by women, especially their poetry, it must however be admitted that the metaphor of littleness is overused.“ Moers 1986: 244.

hefur verið að finna til vanmetarkenndar af einhverju tagi í ljósi þeirrar upphöfnu myndar sem dregin hefur verið upp af körlum.

Myndmál smæðarinnar er þó ekki bundið við yrkingar kvenna og það er til dæmis algengt í náttúru ljóðum skálda af báðum kynjum. Þetta á ekki síst við um þá náttúru eða umhverfi sem er nákomið þeim sem yrkir. Jonathan Bate (f. 1958) fjallar um ljóð Johns Clares (1793–1864) í bók sinni *The Song of the Earth* (2000) í kaflanum „Hreiður, skeljar, kennileiti“ sem Helga Birgisdóttir og Sölvi Björn Sigurðsson þýddu og birtist í *Ritinu* árið 2011. Helga skrifaði stuttan inngang að kaflanum og bendir á að samkvæmt Bate sé ákveðinn styrkur fólgin í lífi mannsins þegar hann lifir með náttúrunni, en styrkurinn dvíni eftir því sem iðnaður og tækni „færa okkur fjær“ henni (Helga Birgisdóttir 2011: 207). Þannig geti ljóðið sameinað náttúru og huga að nýju „þó svo að í ljóðunum búi einnig dapurleg meðvitund um að þessi útópíska þrá sé tálsýn“. John Clare og Jonathan Bate telja því að sú þörf að finna þessa útópísku þrá sé einungis villutrú og hillung, en engu að síður mikilvæg. Í ljóðum John Clares sem Bate tekur til umfjöllunar er hann í leit að samastað í tilverunni og lýsir sínu nánasta umhverfi í náttúrunni, jafn smágerðum hlutum og hreiðrum og fuglasöng. Þannig yrkir hann um þá staði sem er ekki lengur til og syrgir þá (Helga Birgisdóttir 2011: 207).

Jonathan Bate tekur hugmyndir franska heimspekingsins og vísindasagnfræðingsins Gaston Bachelard um „verufræði hins skáldlega“ sem birtust í bók þess síðarnefnda, *La poétique de l'espace* (e. *The Poetics of Space*) (1958) sem dæmi og veltir fyrir sér hvort hægt sé að bregðast við ljóðum Clares með þeim fræðum. Það sem Bachelard á við er að fyrirbærafræði hans á að miðast við það augnablik „þegar ljóðmyndin kviknar í vitund einstaklingsins“ og þegar tvíhyggja hugveru og hlutveru birtist í mörgum formum. Bachelard heldur því fram að mannum þyki vænt um þá staði sem veiti honum vernd, hvort heldur það er innandyra, staði á borð við skúffur og skápa, eða utandyra, eins og staði á borð við hreiður og skeljar (Bate 2000: 154, Bachelard 1994). Þá er Bachelard einnig hrifinn af „flæði á milli rýma sem eru inni og úti, innri og ytri vistfræði, eins og þegar „nærvera lofnarblóma hleypir sögu árstíðanna inn í fataskápinn““ (Bate 2000: 155) og að dyr í ljóðagerð hafi margoft verið notaðar í þeim tilgangi að sýna fram á meðal annars þrár, hik, freistingar og öryggi (Bachelard 1994: 224). Áhugavert er að skoða ljóðið Hélublóm eftir Erlu sem birtist í samnefndri ljóðabók í þessu samhengi. Þá er hægt að velta fyrir sér hvort flæðið milli innra og ytra rýmis sé hægt að tengja við myndmál smæðarinnar sem gert hefur verið grein fyrir.

Héublóm

Á sóllausum dögum og síðkvöldum löngum
oft sat ég við stafnpilið inni
og horfði á lífvana héublóm spretta
á húsfluggarúðunni minni.

Ég aðgætti meistarans frumdrætti fagra,
svo fíngerðar línur og hreinar.
Svo leit ég þær skýrast á lítilli stundu,
þær litverpu skjaldburknagreinar.

Ef harðnaði frostið varð hélan æ meiri
svo hvítuðu upphleyptar greinar
og frostblómin gagnsæju fengu þá lit
sem fannirnar skínandi hreinar.

Þær voru sá gróður sem veturinn elur
og víst meðal fegurstu blóma
er tunglskin í heiðríkjum gildi þeim gefur
og gæðir þær töfrandi ljóma.

Við héraðan glugga á síðkvöldum svölum
ég sit hér og ræ fram í gráðið.
Menn fullyrða að spádóma frostblómin geymi
sem fær ekki hugur minn ráðið.

En þegar ég horfi á héraða rúðu
í himneskum tunglgeislaljóma,
það vekur mér hugsanir háleitar, fagnar
og heilaga minningadóma.

Og stundirnar liðu. Það stirðnuðu blómin
á stafnfluggarúðunni tíðum
og ljórinn varð alpakinn fannhvítu flosi
í frostgrimmum vetrarins hríðum.

Mig langaði áhrifum vetrar að verjast;
til varnar það helst myndi duga
að friða allan þann fegursta gróður
er fyndist þó lífs mér í huga.

Og með því að hugleiða vermandi vorið
ég varði mig geig þeirrar sýnar.
Sem oftast með vorið í hjarta ég horfði
á héluðu rúðurnar mínar.

Ég skemmti mér oft við að skoða þær myndir
en skorti hið andlega megin;
því urðu þær hugsmíðar hélublóm ein,
í helju á minnisblöð dregin.

Ef öðlast þau samhljóm í annarra hjörtum
þá yrði það best með þeim hætti
að góðvildin léti sitt ljós á þau skína;
þá ljómaði af sérhverjum drætti.

En feig eru sumarsins fegurstu blómstur;
á frostnóttum bíða þau dóma.
Eins viknar sá gróður eru veturinn málar
er vorsólin stafar í ljóma (I, 17–19).

Eins og áður hefur komið fram bendir Helga Kress á að Guðfinna hafi lagt áherslu á það „...að konurnar í ljóðum hennar séu ekki hún sjálf“ og að hún hafi verið andvíg því að upptök skáldskapar þurfi að eiga sér stað í lífi skáldsins sjálfs (Helga Kress 2001: 85). Það getur vel verið að það hafi verið raunveruleg afstaða Guðfinnu en á mann leitar þó sú hugsun að hún hafi viljað forðast aukaathygli frá lesendum sínum og öðrum, þ.e. einhverskonar gróusögur eða annað slíkt, vegna þess að skáldskapur kvenna var ekki jafn viðurkenndur og skáldskapur karla. Hægt er að ímynda sér umtal í fámennri sveit um þær konur sem fengust við annað en hefðbundin bústörf, en eins og bent hefur verið á var það ekki talin kvenleg hegðun að skrifa opinberlega á þessum tímum og jafnvel hneykslanlegt. Hugsanlega hefur Guðfinna verið í

ákveðnum erfiðleikum með að staðfesta sjálfvitund sína í ljóðlist sinni því hún veit að henni yrði ekki tekið jafnfagnandi og karlskáldi og setur því ákveðinn fyrirvara með því að segja að ljóðin fjalli um eitthvað annað en hana sjálfa. Það hlýtur að minnsta kosti að teljast sennilegt að vitundin um félagslega stöðu hennar sjálfrar birtist með einhverjum hætti í ljóðunum, til dæmis með myndmáli smæðarinnar, ekki síst í ljósi þess hve áleitnar og algengar slíkar myndir eru í ljóðum hennar.

Ljóðabókin *Hélublóm* kom út árið 1937 þegar Guðfinna var fjörutíu og sex ára en eins og áður hefur komið fram vann hún baki brotnu allt sitt líf og orti samhlíða bústörfunum. Þar sem fyrsta ljóðabók hennar kemur út þegar hún er á miðjum aldri er ekki ólíklegt að í bókinni séu ljóð sem ort voru á löngum tíma, sum eldri en önnur, og því líklegt að þar blandist saman ýmsir bókmenntastraumar. Af ljóðinu *Hélublóm* má draga þær ályktanir að náttúran standi fyrir eitthvað annað og persónulegra heldur en að þjóna einvörðungu fagurfræðilegum tilgangi og titillinn einn og sér er áhugaverður þegar myndmál smæðarinnar er haft í huga. *Hélublóm*, eða frosin blóm, eru viðkvæm, lítil og köld. *Hélublómin* vaxa inni á glugga Erlu þaðan sem hún horfir út í heiminn. Gluggann má skilja í ljósi hugmynda Bachelards um flæði milli innra og ytra rýmis og op í híbýlum sem tákni fyrir þrá af ýmsu tagi. Glugginn í ljóðinu er táknrænn fyrir slíkar þrár og langanir. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir bendir á að „... samsvörun tilfinninga og náttúru“ sé víða að finna í ljóðlist Erlu eins og hjá táknsæisskaldum aldamótanna og skáldkonan noti því náttúruna til þess að leggja áherslu á ákveðið sálarástand, „... tilfinningar og hughrif, meðal annars með andstæðum og hliðstæðum“ (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013:327). Þá hefur Eysteinn Þorvaldsson bent á í fyrrnefndri grein sinni um Erlu og Þorstein son hennar, „Móðir og sonur í átthögum ljóðsins: Um kveðskap Erlu og Þorsteins sonar hennar“ (2004) að einn helsti styrkur skáldkonunnar sé myndvísni hennar, líkingamál eða beinar myndir – „... hún njóti sín best í þeim ljóðum þar sem hún finnur tákmyndir sjálfrar sín í náttúrunni ...“ en Eysteinn vísar einmitt í *Hélublóm* máli sínu til stuðnings (Eysteinn Þorvaldsson 2004: 38).

Skáldskaparþörf Erlu ólgar innra með henni en hélan vex eftir því sem frostið harðnar og það setur henni hömlur. Það er auðvelt að mynda hugrenningatengsl við stöðu skáldkvenna almennt í beinu framhaldi af þessu og hægt að líkja skáldskap þeirra við eitthvað sem gat einungis þrífist í frosti á glugga, innandyra eða í skúffum, en skáldskapur karlmanna blómstraði fyrir utan í vorinu. Þá er áhugavert að velta fyrir sér línunni „þær voru sá gróður sem veturinn elur og víst meðal fegurstu blóma“ sem hljómar eins og vísun í

kvengervingu karlskálda á náttúrunni og upphafningu þeirra.

Innra landslag Erlu er því greinilegt í ljóðinu Hélublóm eins og bent var á í kaflanum um náttúrusýn hennar. Erla notar hér árstíðir, blóm og gróður til þess að lýsa stöðu skáldkonu, hennar sjálfrar og annarra, í hefð sem mótuð er af karlmönnum. Hún er innandyra og horfir á rúðuna með eftirsjá líkt og hún hafi viljað gera eitthvað betur og harmi það því hún getur engu breytt. Hún er fjötruð innandyra og horfir á lífvana hélublómin, bundin af félagslegri stöðu sinni og getur því ekki notið sín fyllilega sem skáldkona. Ellefta erindið minnir á þá ritdóma sem hún fékk líkt og greint var frá í inngangi, „ef öðlast þau samhljóm í annarra hjörtum / þá yrði það best með þeim hætti, / að góðvildin léti sitt ljós á þau skína; / þá ljómaði af sérhverjum drætti“.

Ljóðið Söngþrá er einnig skýrt dæmi um innra landslag í nýrómantískum anda eins og sjá má:

Söngþrá

Ég er vængstýfður fugl, upp í víðbláins geim
er mér varnað að lyftast frá jörð.

Oft í glaðværum hóp, undir söngvanna seið,
hef ég syrgt, hvað þau kjör eru hörð.

Þegar syngjandi hófu sig flokkar á flug,
hef ég falið, hve sár er mín þrá.

Ó, hve hnípin ég verð, ef að sál þín í söng
hefur svifið til uppheims mér frá (I, 160).

Hér notar Erla vængstýfðan fugl sem tákni til að lýsa hugarheimi sínum og þrá. Vængstýfði fuglinn er dæmi um áður nefnt myndmál smæðarinnar í skáldskap Erlu og annarra kvenna. Hér má því greinilega sjá þörf Erlu til þess að komast eitthvað burt en að hún sé ófær um það vegna félagslegrar stöðu sinnar. Nýrómantísk skáld á borð við Huldu og Jónas Guðlaugsson notuðu náttúruna í ljóðum sínum sem „... tákni fyrir hið persónulega eða mannlega en ekki síður fyrir þrá ljóðmælenda eftir því sem er handan við heiminn, þrá eftir óendanleika, frelsi. Í ljóðum Huldu og Jónasar er þetta útþrá, þrá til þess að komast handan yfir hafið, til þeirra dularfullu landa sem þar bíða“ (Sveinn Yngvi Egilsson 2014: 142–143). Þetta einkenni má sjá í Söngþrá Erlu þar sem hún harmar hlutskipti sitt í lífinu en öfundar þann sem getur fylgt þrá

sínum eftir, nánar tiltekið karlskáld. Það má því segja að titillinn beri með sér skáldskaparþrá og sköpunarþörf.

Ellen Moers tekur myndmál um fugla til athugunar í fyrrnefndri bók sinni, *Literary Women*, og finnst þeir einna áhugaverðastir af þeim lífverum vistkerfisins sem konur nota til þess að tákna kynferði sitt. Hún bendir á að Charlotte Brontë noti oft fuglalíkingu til þess að lýsa persónunni Jane Eyre í samnefndri skáldsögu og meðal annars líki hún henni við spörfugl en Rochester við mikilfenglegan örn sem verður verndari hins litla spörfugls (Moers 1986: 245, Charlotte Brontë 1994: 434). Moers segir ástæðu þess að fuglar séu eins algengir og raun ber vitni í skáldskap kvenna vera að þeir séu mjúkir, hringlaga, aðlaðandi og skjálfi og titri komi einhver höndum yfir þá, en sér í lagi vegna þess að þeir syngja.⁵ Í þessu samhengi er athyglisvert að áðurnefndur Einar E. Sæmundsen hafi einmitt valið skáldanafn handa Guðfinnu sem vísar í fuglategundina maríuerlu. Maríuerla er spörfugl, lítill og kvikur og það er auðvelt að ímynda sér maríuerlu sem er varnað að lyftast frá jörð skjálfandi í höndum einhvers. Fuglar og flug þeirra í skáldskap eru oft „... tákn um frelsi, ekki síst frelsi sem skáldkonur þrá en njóta sjaldnast. Þær líkja sér því gjarnan við fugla í fjötrum“ (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 329). Í framhaldi af því bendir hún einnig á að náttúrumyndir í ljóðum Erlu séu iðulega táknmyndir um margt annað en fegurð, „... meðal annars ófullnægðar þrár og fjötra, forgengileika og hverfuleika, söknuð og sorg“ (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 329).

Vor og sumar í fagurfræðilegum vísunum settu einnig mark sitt á kveðskap Erlu eins og bent hefur verið á, enda er júní fæðingarmánuður skáldkonunnar og eðlilega í uppáhaldi. Í ljóðinu Vorgróður sýnir hún í senn táknsæi í anda nýrómantíkur en einnig fagurfræðilegar vísanir í anda gömlu rómantíkurinnar:

Vorgróður

Eitt vorkvöld um sólarlag sátu þau ein
og sælunnar nutu í ró.

Sú ást hafði vaknað sem vorblóm í hlíð

⁵ “Is the bird a species of the littleness metaphor? Or are birds chosen because they are tortured, as little girls are tortured, by boys ... Or because bird-victims can be ministered to by girl-victims ... Or is it because birds are beautiful and exotic creatures, symbols of half-promised, half-forbidden sensual delights ... Because birds are soft and round and sensuous, because the palpitate and flutter when held in the hands, and especially because they sing, birds are universal emblems of love”. Moers, 1986: 245.

og vermandi í hjörtunum bjó.
Og kvöldsólin hló yfir hnjúkum.

Dýrðleg var nóttin, draumblíð og hljóð
og dagurinn brosfagur rann
og unaðarminning um elskendafund
í afkimum hjartnanna brann
er dagsólin brosti við dalnum.

Gullnasti vornæturdraumurinn dvín
er dagarnir koma með strit
og engjanna gróður og skóganna skraut
– það skiptir með aldrinum lit.
Og dagsólin lækkaði á lofti.

Eitt haustkvöld um sólarlag sátu þau ein
en sundrung í hjörunum bjó
því vorgróður hjartnanna visnaði brátt,
með vorgróðri hlíðanna dó.
– Og kvöldsólin hvarf bak við hnjúkinn (I, 58).

Vorið gegnir mikilvægu hlutverki í myndmáli Erlu. Það „tengist birtu og yl, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu“ (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 325). Vorið hlýtur því að gegna bæði rómantísku hlutverki sem áhersla á það sem er fagurt og dásamlegt, en einnig nýrómantísku og táknsæislegu hlutverki fyrir eitthvað allt annað. Í þessu ljóði eru elskendurnir sælir um vorkvöld og ást þeirra sprettur eins og vorblóm í hlíð, sem minnir á hjarðljóðatengingu í anda Steingríms Thorsteinssonar en þegar hausta tekur deyr ást þeirra í hjörtunum líkt og vorblómið sem visnar svo. Sólin þjónar táknsæislegum tilgangi fyrir tímenn sem líður. Ástin kviknar á vorkvöldi, sólin hlær, og ástin dvínar „...er dagarnir koma með strit ...“ og þegar dagsólin lækkar á lofti. Þegar haustið kemur hverfur hún á bak við fjallshnjúkinn en þá hafa ef til vill mörg ár liðið og ástin horfið með öllu.

Bjartsýni einkennir tilvísanir Erlu í vorið en það má einnig sjá í ljóðinu Hélublóm (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 325–326). Þar horfir hún með „vorið í hjarta“ á „héluðu

rúðurnar“ og skapar þar andstæðupar, áður nefnda birtu og yl annarsvegar og frost og vetur hinsvegar, auk þess sem finna má flæði á milli þess sem er innandyrá og þess sem er utandyrá sem felur í sér nýrómantíska og táknsæislega skírskotun. Guðfinna ólst upp við slíkan kvæðaarf sem hafði verið bundinn við þá kröfu að létta lundina í fólki fremur en að sýna einhverskonar þjóðfélagsgagnrýni, sem skilar sér einnig í kvæðum Erlu (Eysteinn Þorvaldsson 2004: 38). Sú krafa hafi að öllum líkindum verið sterkari skyldi skáldið vera kona (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2013: 330). Það hlýtur því að hafa skapað togstreitu innra með Erlu og öðrum skáldkonum. Í ljóðinu hér að ofan er það vorið sem blæs bjartsýni í brjóstið en þar er líka að finna þá sorg sem haustið ber með sér.

Í *Fífulogum* er að finna ljóð sem heitir einfaldlega Með vorið í hjarta og ber því með sér augljósa tengingu við innra landslag Erlu og bjartsýnina:

Með vorið í hjarta

Ég horfi með vorið í hjarta

á héluðu rúðurnar enn

og gleð mig við geislana bjarta

er gluggana þíða nú senn

Þó gisin sé kotbæjarkytra

og kuldi með næðingi hér

ég vona að vori hið ytra

fyrst vorar í hjarta mér (I, 143).

Hér virðist um að ræða ákveðið framhald af ljóðinu Hélublóm, „á héluðu rúðurnar enn“. Enn horfir hún út í ytri heim innan við rúðurnar en hér er líka dæmi um innra landslag og það sýnir að hér er Erla bjartsýnni. Vorið er komið í hjarta hennar og hún er glöð, en hún bindur vonir við það að frostinu fari að linna, fyrst það sé að vora í hennar hjarta. Þrátt fyrir kuldann og frostið vorar innra með henni. Geislarnir björtu gegna fagurfræðilegu hlutverki hér á sama hátt og tunglskinsgeislarnir gerðu í Hélublómum og senda á sama tíma gleði á bæinn hennar.

Ofangreind dæmi sýna að skáldkonan Erla virðist flétta saman táknsæi og gömlu rómantíkinni, líkt og Hulda. Vorið, lífríki náttúrunnar og bjartsýni einkennir skáldskapinn hennar, en einnig bældar þrár og sorgir.

Niðurstöður

Helstu niðurstöður þessarar athugunar eru þær að Erla sé, líkt og skáldkonan Hulda, nýrómantísk eða táknæsileg og rómantísk í ljóðlist sinni, hún yrkir m.a. um bág hlutskipti sín í lífinu og þrá eftir betri kjörum, sumri og ást. Þannig stenst einnig niðurstaða Eysteins Þorvaldssonar skoðun, þ.e. að Erla sé oft raunsæisleg í vali sínu á viðfangsefnum í list sinni en „... úrvinnslan sé oft rómantísk“ (Eysteinn Þorvaldsson 2004: 36). Því má bæta við niðurstöður Eysteins að kveðskapur hennar er einnig nýrómantískur og táknæsilegur. Ljóð hennar Hélublóm er gott dæmi um þetta en þar beitir hún táknæi til þess að gefa til kynna stöðu sína sem skáldkona í karlahefð og til þess notar hún rómantíska fagurfræði. Í ljóðinu fá helstu skáldskapareiginleikar hennar, myndvísi, líkingamál og beinar myndir að njóta sín einna best en þar notar hún náttúruna til þess að finna sér táknmyndir. Einnig hefur verið rætt um þá staðhæfingu Erlu sjálfar að ljóð hennar fjalli ekki um hana sjálfa og sú staðhæfing sett í samhengi við félagslega stöðu hennar sem fátæk húsfreyja í fámennri sveit þar sem ætlast var til þess að hún hegðaði sér á ákveðinn hátt.

Í framhaldi af því er áhugavert að velta fyrir sér þeim valda- og stigsmun sem var á þessum tíma milli kynjanna. Ritdómar skrifaðir af körlum um skáldskap kvenna skipta miklu máli í þeirri umræðu, eins og ritdómur Guðmundar Finnbogasonar um skáldskap Erlu sem nefndur var hér í upphafi ritgerðarinnar. Einnig var gerð stutt grein fyrir helstu einkennum rómantísku stefnunnar þar sem einstaklingshyggjan var meðal annars nefnd og frelsishugtakið í ljósi hennar og bent á að konur nutu ekki jafnmikils frelsis sem skáld og karlar þar sem samfélagslegar hömlur settu þeim heftandi mörk og verk þeirra voru gagnrýnd út frá kynferði þeirra (Homans 1980: 5). Fjallað var stuttlega um rannsóknir Jonathans Bates á ljóðum Johns Clares og einnig vangaveltur hans um hugmyndir Gastons Bachelards varðandi flæðið á milli innra rýmis og hins ytra og ljóð Erlu, Hélublóm, greint og túlkað í ljósi þeirra hugmynda.

Það er því óneitanlega áhugavert að velta fyrir sér þeim mun sem liggur í skáldskap og ljóðagerð karla og kvenna á 19. og 20. öld og sérstaklega hömlunum sem konur glímdu við á skáldakrinum og annarsstaðar. Þær áræddu ekki að ávarpa náttúruna í ljóðum sínum sem unga og fagra sveina, með upphafningu í þeim dúr að skegg þeirra væri þétt og mikið líkt og fegursti mór, eða grösug fjallshlíð, á meðan karlar sem ortu í anda rómantíkur og nýrómantíkur líktu gjarnan hári kvenna við foss, og ekki hafa skáldkonurnar kallað landið karlmannsnafni í þeim tilgangi til þess að upphefja það á sama hátt og karlskáldin.

Guðfinna fékk ekkert gefið út eftir sig fyrr en hún var komin á miðjan aldur, þegar vel var liðið á 20. öld, en ljóst er eins og hefur komið fram að hún reyndist vera verulega afkastamikil og verður að teljast dýrmætt að margt eftir hana er vel varðveitt. Eins og oft hefur verið bent á er það verulega aðdáunarvert hve miklu hún skilaði af sér miðað við aðstæður sínar en það sýnir mikinn vilja og dugnað. Afar mikilvægt er að segja sögu Guðfinnu og annarra skáldkvenna síðari tíma og gera grein fyrir skáldskap þeirra sem víðast og oftast til þess að sýna þeim réttmæta virðingu sem skáldkonum, enda urðu þær hennar sjaldnast njótandi meðan þær voru á lífi.

Heimildaskrá

„Barnagætur Erlu“. (1958). *Frjáls þjóð*, 50(7), s. 4.

AK. (13. desember 1958). „Rímuð ævintýri handa börnum“. *Tíminn*, s. 7.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir (ritstj.). (2013). Guðfinna Þorsteinsdóttir – Erla. Ljóð. Héliublóm, Fífulogar, Æfintýri dagsins. *Ritsafn Guðfinnu Þorsteinsdóttur I*. Fáskrúðsfjörður: Félag ljóðaunnenda á Austurlandi.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir (ritstj.). (2013). Þráin skapar þagnardrauma mína. Um líf og ritstörf Guðfinnu Þorsteinsdóttur – Erlu. *Ritsafn Guðfinnu Þorsteinsdóttur V*. Fáskrúðsfjörður: Félag ljóðaunnenda á Austurlandi.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2014). „Þrotið er nú efnið og þulan búin er“. *Són* 12, s. 69–119.

Bachelard, Gaston. (1964). *The Poetics of Space* (Maria Jolas þýddi). Boston, Massachusetts: Beacon Press.

Bate, Jonathan. (2000). *The Song of the Earth*. London: Picador.

Bate, Jonathan. (2011). „Hreiður, skeljar, kennileiti“ (Helga Birgisdóttir og Sölvi Björn Sigurðsson íslenskuðu). *Ritið*, 11 (2), s. 205-229. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.

Brontë, Charlotte. (1994). *Jane Eyre*. London; New York: Penguin

Eysteinn Þorvaldsson. (2004). „Móðir og sonur í áttögum ljóðsins: Um kveðskap Erlu og Þorsteins sonar hennar“. *Glettingur: tímarit um austfirsk málefni*, 14(2) s. 37-44.

Gifford, Terry. (2010). *Pastoral*. London; New York: Routledge.

Gottskálf Þór Jenson og Hjalti Snær Ægisson (ritstj.). (2011). *Sýnisbók heimsbókmenntanna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðfinna Þorsteinsdóttir. (1955). „Hvernig kvæði varð til.“ *19. júní*, 5, s. 3–4.

Guðmundur Finnbogason. (1937). „Hjelublóm – kvæði.“ *Morgunblaðið*, 19. desember, s. 3.

- H. 5. febrúar (1938). „Erla: Hélublóm.“ *Framsókn. Bændablað – Samvinnublað*, 6, s. 3.
- H. St (Halldór Stefánsson). (3. nóvember 1945). „Bókmenntir: Fífulogar.“ *Morgunblaðið*, s. 5.
- Helga Kress. (2001). *Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Helga Kress. (2012). „Unir auga ímynd þinni: landið, skáldskapurinn og konan í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar.“ *Skírnir 186* (vor): s. 5–50.
- Homans, Margaret. (1980). *Women Writers and Poetic Identity*. Princeton, New Jersey: Princeton University Press.
- Íslensk orðabók*. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. A–L. (2002). Mörður Árnason (ritstj.). Reykjavík: Edda.
- McLuhan, Marshall. (1969). „Tennyson and Picturesque Poetry“. *The Literary Criticism of Marshall McLuhan 1943/1962*, s. 135-157. Eugene McNamara (ritstj.). New York; Toronto: McGraw-Hill Book Company.
- Moers, Ellen. (1986). *Literary Women*. London: The Women's Press.
- Páll Valsson. (1996). „3. Rómantíska stefnan.“ *Íslensk bókmenntasaga* III, s. 253–269. Halldór Guðmundsson (ritstj.). Reykjavík: Mál og menning.
- Páll Valsson. (1996). „5. „Ást á ættjörðu, ást á sannleika“ – íslensk þjóðernisvakning.“ *Íslensk bókmenntasaga* III, s. 289–309. Halldór Guðmundsson (ritstj.). Reykjavík: Mál og menning.
- Silja Aðalsteinsdóttir. (1996). „1. Aldamótin.“ *Íslensk bókmenntasaga* III, s. 885–891. Halldór Guðmundsson (ritstj.). Reykjavík: Mál og menning.
- Sveinn Yngvi Egilsson. (2014). *Náttúra ljóðsins. Umhverfi íslenskra skálda*. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Woolf, Virginia. (1983). *Sérherbergi*. Helga Kress íslenskaði. Reykjavík: Svart á hvítu.